# ÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2025-2026 MELASKÓLI

| Viðfangsefni | Markmið | Hvernig metið | Hvenær (tímarammi) | Ábyrgð | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | |
| Gæði kennslu<br><br>2.3 Viðmið um gæðastarf | Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími nemenda vel nýttur.<br><br>Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.<br><br>Í námsumhverfi nemenda eru sjónrænar stoðir nýttar til stuðnings við nám, t.d. námsveggir, myndrænt dagskipulag, tölur, stafir, leiðbeiningar | Innlit í kennslustundir/ vettvangsheimsókn stjórnenda.<br><br>Gátlisti unninn af kennurum og stjórnendum. | Október-maí | Stjórnendur og innra mats teymi skólans | Allir þættir í A eða B.<br>Það sem er í C eða D fer í umbótaáætlun |

Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti.
Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn.
Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur.
Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur.
Í skipulagi kennara kemur fram hvernig námsaðlögun er háttað.